


er þó aðeins einn bókavörður að störfum í afgreiðslu og gætu viðskiptavinir þá þurft að sýna örlitla biðlund.

Umhengni

Á Bókasafni Háskólans á Akureyri gilda allar almennar umgengnisvenjur og leitast er við að sýna náunganum tillitsemi. Neysla matar og drykkja er bönnuð á bókasafninu. Sérstaklega skal bent á að hafa hljótt á lesstofum.

mars 2007

Bókasafn Háskólans á Akureyri



Les- og vinnuaðstaða

BÓKASAFN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI
SÓLBORG v/NORÐURSLÓÐ, 600 AKUREYRI
SÍMI: 460 8050 - BRÉFASÍMI: 460 8994
TÖLVUPÓSTFANG: bsha@unak.is
<http://www.unak.is/bokasafn>



Í Bókasafni Háskólans á Akureyri er góð aðstaða til vinnu og lestrar fyrir nemendur háskólans og aðra gesti safnsins. Hér á eftir fylgja ýmsar upplýsingar um vinnuaðstöðu og hagnýt atriði sem varða húsnæði og búnað.

Tölvurými og lesstofa

Lesbásar eru fyrir 64 nemendur. Í tölvurými eru 24 tölvur. Inn af tölvurými er lesstofa sem eingöngu er ætluð til lestrar. Þar eru fartölvur ekki leyfðar. Lampi er við hvert lesborð og eru borðin vel einangruð hvert frá öðru með skilrúmum. Gestir þurfa að rýma básana þegar þeir yfirgefa salinn að loknum vinnudegi sínum. Lokað er milli aðalsafns og lesstofu á kvöldin. Handbækur safnsins eru á lesstofu. Þeir sem nota handbækurnar þurfa að fá þær lánaðar í tölvu í afgreiðslu og skila þeim áður en þeir yfirgefa safnið í þar til gerðan kassa sem er í afgreiðslu safnsins fyrir framan lesstofuna.

Margmiðlunardiskar og myndbandstæki

Í bókarými eru tvær tölvur til notkunar fyrir gesti safnsins og starfsfólk. Þar er hægt að skoða margmiðlunardiska og myndbönd.

Kennslugagnadeild

Í kennslugagnadeild er vinnuaðstaða sem er aðallega nýtt af leik- og grunnskólakennurum ásamt kennurum og nemendum kennaradeildar háskólans.

Vinnuherbergi

Nemendur hafa aðgang að þremur vinnuherbergjum með tölvu. Eitt vinnuherbergjanna rúmar 6 - 8 manns en hin rúma 4 - 6. Þeim sem hyggjast nýta sér þessa aðstöðu er bent á að skrá sig með góðum fyrirvara í afgreiðslu safnsins. Almenna reglan er sú að leyfilegt er að bóka fundarherbergi í allt að fimm tíma og er þá miðað við 8 til 13 annars vegar og 13 til 18 hins vegar.

Upplýsingatölvur í afgreiðslu

Í upplýsingatölvum í afgreiðslunni er auðvelt að leita í Gegni, Gagnasafni Morgunblaðsins og öðrum leitarstöðvum á Internetinu.

Tímarítarými

Í tímarítarými eru borð og hægindastólar þar sem hægt er að koma sér þægilega fyrir við lestur tímarita eða aðra vinnu.

Afgreiðslutími

Bókasafnið er opið almenningi að vetrarlagi frá kl. 08:00-18:00 alla virka daga og laugardaga kl. 12:00-15:00. Yfir sumartímamann er safnið opið frá kl. 08:00-16:00 alla virka daga en lokað á laugardögum og sunnudögum.

Snjall kort

Nemendur háskólans hafa aðgang að lesstofunni allan sólarhringinn. Til þess nota þeir nemendaskírteini sín sem jafnframt eru aðgangskort að húsum skólans, bókasafnsskírteini og ljósritunarkort. Skírteinin fást afhent í afgreiðslu skólans, nemendum að kostnaðarlausu. Ábyrgð fylgir því að hafa aðgangskort. Korthafi má ekki lána það öðrum heldur aðeins nota kortið til þess að ganga sjálfur um dyr safnsins. Korthafar geta verið við vinnu í lesstofu eftir að sjálfu bókasafninu hefur verið lokað. Þeir sem eru síðastir að yfirgefa bygginguna eru vinsamlega beðnir um að slökkva ljós og loka gluggum.

Sími

Í gangi við útidyr er almenningssími. Bannað er að tala í farsíma í húsnæði bókasafnsins.

Þjónusta

Í afgreiðslu eru alla jafna tveir bókaverðir sem sjá um almenna afgreiðslu og aðstoða við upplýsingaleitir. Á tímabilinu kl. 16:00-18:00 alla virka daga og kl. 12:00-15:00 á laugardögum